



Matvælaráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
sent á samráðsgátt

Reykjavík, 1. febrúar 2023

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Land og skóg

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 18. janúar. Með frumvarpinu er mælt fyrir um sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar í eina stofnun. Áður hafa verið reynt að sameina þessar stofnanir án árangurs.

Það eru mikil tækifæri til að sameina stofnanir og ábyrgðarsvið þeirra í stjórnsýslunni. Stjórnvöld hafa undanfarið unnið að einföldun regluverks og eftirlitsumhverfis atvinnulífsins. Halda þarf áfram með þá vinnu enda skapar núverandi fyrirkomulag mikið óhagræði. Sameining stofnana styrkir þær til að sinna leiðbeiningarhlutverki sínu betur og oft skarast verkefni þeirra, líkt og á við í þessu tilfalli. Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 155/2018 um landgræðslu er fjallað um hlutverk Landgræðslunnar. Þar segir:

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Landgræðslan. Hlutverk stofnunarinnar er að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og annast daglega stjórnsýslu á því sviði sem löggin ná til. Önnur helstu verkefni Landgræðslunnar eru:

- a. að leiðbeina um vernd, endurheimt og sjálfbæra nýtingu lands,
- b. að vinna að og hvetja til þátttöku í landgræðslu,
- c. að vinna að þróun landgræðslu, m.a. með því að stunda rannsóknir og þróunarstarf,
- d. að afla upplýsinga um landnýtingu og ástand lands og miðla þeim,
- e. að hafa yfirsýn yfir og eftirlit með áætlunum og framkvæmdum í landgræðslu í landinu,
- f. að hafa umsjón með landgræðslusvæðum.

Í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er fjallað um hlutverk Skógræktarinnar. Þar segir:

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Skógræktin. Hlutverk stofnunarinnar er að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og daglega stjórnsýslu á því sviði sem löggin ná til. Önnur helstu verkefni Skógræktarinnar eru:

- a. að leiðbeina um vernd, endurheimt, ræktun, meðferð og sjálfbæra nýtingu skóga,
- b. að vinna að og hvetja til þátttöku í skógrækt,
- c. að vinna að þróun skógræktar, m.a. með því að stunda rannsóknir og þróunarstarf,
- d. að afla upplýsinga um skóga og skógrækt og miðla þeim,
- e. að hafa yfirsýn yfir og eftirlit með áætlunum og framkvæmdum í skógrækt,
- f. að hafa umsjón með leyfisveitingum vegna fellingar skóga og varanlegrar skógareyðingar,
- g. að hafa umsjón með þjóðskógum.



Líkt og sjá má er mikill samhljómur með ofangreindum ákvæðum. Hagræðing sem hlýst af einni stofnun í stað tveggja er ótvíræð og SA styðja því heilshugar að málið fái framgöngu og að sameiningin verði að veruleika.

**Virðingarfyllst,**

f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Heiðrún B. Gísladóttir.*

Heiðrún Björk Gísladóttir